

**Nð.**

**36. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 16, 16. sept. 1915, um bráðabirgða verðhækkunartoll á útfluttum, íslenskum afurðum.

Flutningsmenn: Gísli Sveinsson og Magnús Guðmundsson.

1. gr.

15. og 16. liður 3. gr. nefndra laga falli burtu.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar i stað.

**Ástæður fyrir frumvarpinu.**

Verðhækkunartollslögin falla úr gildi, eins og kunnugt er, í septbr.mán. n. k. Nú sem stendur má kallast, að framleiðslufurðir landsins hafi komið tvisvar til tolls frá hvorum atvinnuvegi um sig, landbúnaði og sjávarútvegi, og er því jöfnuður á, en þetta gildi eigi í vetur, er rödd kom fram á aukabægingu um afnám laganna.

Nú eiga framleiðslumenn hjer á landi í mestu þrengingum. Hvað bændur snertir, þá er nú *ull* þeirra að koma til sölu og síðan væntanlega útflutnings, ef tók verða á, en verðið lágt, miðað við ástandið ella. Um aðra söluvöru, er inn undir lögin falli, verður varla að tala á þessu sumri (hross eigi seild, síld ef til vill eigi veidd), en hvernig sem um það verður, er órjettmætt að tolla ullina nú, heldur er sjálfsagt, að láta tollinn af henni niður falla nú þegar, ef það gæti ljett eitthvað undir með búendum.